

Mánudaginn 15. mars 1993.

Nr. 114/1993. X

gegn

Félagsmálastofnun Akureyrar.

Kærumál. Sjálfræðissvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. mars 1993, sem barst réttinum 12. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Kæra þessi er heimil samkvæmt 1. mgr. 10. gr. lögræðislaga nr. 68/1984.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. lögræðislaga greiðist kærumálskostnaður úr ríkissjóði, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Málskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun skipaðs talsmanns sóknaraðila, Helga Jóhannessonar héraðsdómslögmanns, 25.000 krónur.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 22. febrúar 1993.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 17. þ. m. að undangengnum munnlegum málflutningi þann dag, er höfðað með kröfu Félagsmálastofnunar Akureyrar, undirritaðri á Akureyri 19.11. 1992, af Guðrúnu Sigurðardóttur deildarstjóra, þar sem krafist er, að X, kt. 231039-2609, þá með lögheimili á Akureyri, óstaðsettur í húsi, nú á deild 33 A á Landspítala með uppgefnu lögheimili á [.....], Reykjavík, verði sviptur sjálfræði. Í bréfinu segir, að starfsmenn Félagsmálastofnunar Akureyrar hafi lengi þekkt til málefna X, fyrst og fremst vegna þeirra vandræða, sem hann hafi bakað fóstur-

foreldrum sínum með taumlausri drykkju og yfiringangi í þeirra garð, en hann sé fóstursonur hjónanna M, fædds [...] 1913, og K, fæddrar [...] 1911, er lengst af bjuggu að [...], Akureyri. Hafi hann misnotað áfengi frá unglingsaldri og aldrei lifað eðlilegu lífi, þ. e. a. s. stundað vinnu og séð um sig sjálfur nema tíma og tíma í senn. Eigi hann tvær dætur, sína með hvorri konu, en ól þær ekki upp. Hafi hann til skamms tíma verið skráður til heimilis að [...]. Þar hafi hann dvalist langdvölum við drykkju fósturforeldrum til hrellingar, enda hafi hann gjarnan fyllt húsið af drykkjufólki bæjarins og beitt hótunum til að ná fram vilja sínum, svo sem peningum frá fósturforeldrunum. Allar tilraunir hjálparaðila til breytinga hafi verið árangurslausar, bæði til að hjálpa X við að ná tökum á áfengisfíkn sinni og stuðningur við fósturforeldrana við að útiloka X. Að því hafi komið, að fósturforeldrarnir hafi þurft að flýja heimili sitt og dveljist nú annars vegar á Seli, F.S.A., og hins vegar á Dvalarheimilinu Hlíð. Hafi X samt haldið áfram að áreita fósturföður sinn og reynt að ná af honum fjármunum. Muni gamli maðurinn vera mjög hræddur um sig og beinlínis hræddur við X. Síðastliðið vor hafi X sest að í húsi fósturforeldranna að [...] og hafi verið við drykkju þar síðan þar til viku áður en krafan er gerð, og hafi X farið á Landspítalann, deild 33 A, sviptur sjálfræði tímabundið. Sé X mjög illa farinn líkamlega og andlega, og er það skoðun Félagsmálastofnunar, að hann sé ófær að hugsa um sig sjálfur og ólíklegur til að biðja um þá þjónustu, sem hann þurfi, og því sé hagsmunum hans best borgið með því að svipta hann sjálfræði. Í þessu sambandi verði einnig að líta á hagsmuni fósturforeldra X, en reynslan hafi sýnt, að þau fái engan frið fyrir honum, ef hann er utan stofnunar og norðan heiða. Sé beiðni þessi sett fram af hálfu Félagsmálastofnunar með fullum vilja og samþykki ættingja X, sem treysta sér ekki til að krefjast sjálfræðissviptingar af ótta við áreitni af hans hálfu. Er bent á Hrein Pálsson hdl. og séra Þórhall Höskuldsson sóknarprest, sem þekki vel til málsins.

Hinn 2. desember 1992 kom fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur X, og var honum þá skipaður verjandi, Helgi Jóhannesson hdl. Honum var kynnt fram komin krafa um sjálfræðissviptingu, sem hann kvaðst vera afar ósáttur við. Kvaðst hann fallast á að vera „alkóhólisti“, en vera óvirkur, og með beiðninni væri verið að kalla á sjálfsmorðsaðgerðir af hans hálfu.

Hann var spurður, hvernig högum hans hefði verið háttað árið 1992 með tilliti til áfengisneyslu. Hann kvaðst hafa farið í Víðines í byrjun janúar og þaðan í Hlaðgerðarkot, sennilega rétt fyrir páska, en eftir það hefði hann farið í gistiskýli, sem rekið sé á þeirra vegum, þ. e. a. s. Samhjálp, en þeir hafi verið bæði fyrr og nú sér til aðstoðar, og þangað hafi hann ávallt getað leitað eftir hjálp. Af gistiskýlinu hafi hann farið norður, en sennilega hafi það verið síðla sumars. Hann kvaðst ekki hafa farið að neyta

áfengis, fyrr en hann fór norður. Í fyrstu hafi hann haldið sig frá áfengi eftir komuna norður, en síðan hafi hann byrjað að neyta þess. En það hafi verið bundið við neyslu á kvöldin. Á daginn hafi hann ekki notað vín, heldur ekið um á bifreið sinni og undirbúið fyrirhugaðar viðgerðir á húsi fósturforeldra sinna, m. a. með efniskaupum til viðgerða á þakinu. Þá hafi hann jafnan heimsótt föður sinn á Dvalarheimilið, en með þeim séu kærleikar, og því kannist hann ekki við, að föður sínum standi ótti af sér, svo sem komi fram í beiðninni.

Hann kannaðist við, að fólk hefði komið á heimili sitt og notað þar áfengi. Fólk þetta hefði ætlað að aðstoða sig við viðgerðir á húsinu, en hann hefði síðar séð, að það myndi ekki ganga upp vegna óreglu þess, og hann látið það fara. Hefði hann sjálfur að mestu séð um umhirðu hússins ásamt vinkonu sinni, sem dvalist hefði um tíma hjá sér í húsinu.

Aðspurður um ástandið, er hann var færður af heimilinu, sagði hann, að þá hefði verið þar einn maður fyrir, [...] S.

Hann kvaðst ósáttur við að vera dæmdur fyrir hegðan annarra. Hann hefði einungis neytt áfengis á kvöldin, og telur hann, að hann hafi þá verið fullfær að hugsa um sig sjálfur. Hann telur, að kærur til lögreglu geti hugsanlega stafað af því, að síma hafi verið lokað og gestir fengið leyfi til að hringja úr öðrum húsum í nágrenni og ósættir stafað af því. Hann kveður Hrein Pálsson, lögmann á Akureyri, hafa gætt hagsmuna sinna hingað til, en hann geti vart treyst honum til þess lengur, þar sem hann hafi staðið á bak við að koma sér út úr húsinu. Hann kveðst aðallega ósáttur við beiðnina, þar sem sér finnist, að með henni sé verið að stela af sér öllum eignum sínum. Hann kveðst telja, að yngri dóttir sín, sem búi á Höfn, standi á bak við beiðnina, þar sem hún ásælist aðallega innbúið í húsinu. En eldri dóttir sín, sem búi í Reykjavík, standi með sér, enda aðhyllist þau sömu trú og viti, að trúin geti hjálpað fólki, en með þeim séu miklir kærleikar. Hann kvaðst vel geta hugsað sér að fara í Hlaðgerðarkot.

Í málinu liggur frammi vottorð Hilmis Jóhannssonar, heilsugæslulæknis á Akureyri, dagsett 11. 11. 1992, en hann skoðaði X 10. 11. 1992. Vottorðið hljóðar svo:

— — —

„..... Það má því ljóst vera, að X verður að teljast hættulegur sjálfum sér og að hann er að þrotum kominn vegna drykkjuskapar, enda hefur hann verið áfengissjúkl. a. m. k. 37 ár. Frá því árið 1956 hefur hann fimm sinnum verið í meðferð á Landsp. vegna alvarlegrar drykkjusýki. Hann þarf því nauðsynlega að vistast til frambúðar á stofnun fyrir slíka menn, en er óútreiknanlegur og óáreiðanlegur og hefur sýnt áður, að honum er ekki treystandi til að vistast sjálfviljugur á stofnun. Undirrit. telur því einsýnt,

að svipta beri X sjálfræði, svo að unnt sé að hjálpa honum og vista hann á langtíma stofnun fyrir slíka menn.“

Hér fyrir dómi staðfesti Hilmir Jóhannsson heilsugæslulæknir framangreint vottorð og sagði það samið eftir bestu vitund og þekkingu. Hann sagði, að X hefði verið undir læknishendi á stofnunum talsvert hin síðari ár vegna drykkjusýki. Hann kveðst hafa starfað sem læknir hér í bæ síðan 1981 og hafa haft á þeim tíma þó nokkur afskipti af honum vegna langvarandi ofneyslu áfengis. Hafi þau afskipti aðallega komið til vegna þess, að hann hafi verið vakthafandi læknir, en framangreint vottorð hafi hann samið, þar sem hann hafi verið til kvaddur sem fangelsislæknir hér í bæ. Í vottorðinu komi fram allt, sem máli skipti um X, en lækni meðferð við áfengissýki hans fram að þessu hafi engan árangur borið. Hann segir staðfest, að X sé kominn með varanlegar heilaskemmdir af völdum drykkju. Hafi X verið allsgáður, er hann skoðaði hann, en borið merki langvarandi drykkju.

Fyrir dóminn kom sem vitni Þórhallur Höskuldsson, sóknarprestur á Akureyri. Vitnið óskaði að geta þess, að vegna þagnarskyldu sinnar sem sóknarprests um samskipti sín við X gæti hann ekki greint frá þeim persónulega. Samskipti sín sem sóknarprests, sem hann geti um borið, séu til komin vegna beiðni fósturforeldra X og hafi stafað af drykkjuskap hans og félaga hans. Hann lagði fram afrit bréfs M, dags. 13. 10. 1989, svohljóðandi:

— — —
Einnig leggur hann fram afrit af bréfi M, dags. 22. desember 1990, svohljóðandi:

— — —
Fyrir dóminn kom einnig sem vitni Hreinn Pálsson hdl. Vitnið upplýsti, að fyrir tveimur til þremur árum hefðu fósturforeldrar X haft samband við sig fyrir milligöngu séra Þórhalls Höskuldssonar og viljað breyta erfðaskrá sinni, þar sem þau vildu koma því þannig fyrir, að X sem erfingi fengi arf eftir þau greiddan út í áföngum sem lífeyri. Kvaðst hann annast fjárreiður M og lagði fram allsherjarumboð því til sönnunar. Hann sagði, að X hefði fengið umráð húseignarinnar [...] í júní sl. með þeim skilmálum af hendi M, að hann stæði sig varðandi drykkjuskap.

Í haust hafi X haft samband við Geirþrúði Brynjólfssdóttur og óskað eftir því, að hún hjálpaði sér að komast á hæli. Hann kveðst hafa farið að [...] ásamt Geirþrúði og aðkoman þar verið mjög óhrjáleg og borið merki langvarandi drykkjuskapar og óreglu. Hafi Jóhannes Bergsveinsson yfirlæknir verið fús til að taka hann í lækni meðferð, eftir að af honum rynni.

Hafi A, dóttir X, komið norður og gengið í að hreinsa húsið, og svo hafi farið, að eignin hafi verið seld 10. desember sl. á 1.500.000,00 kr.

Hafi sér verið kunnugt um, að fósturforeldrar X voru mjög hrædd við hann, er hann var við drykkju með félögum sínum, en verið tvístígandi gagnvart honum tilfinningalega, þar sem þau hafi skirrst við að beita hann hörku, og því sé beiðni um sjálfræðissviptingu komin frá Félagsmálastofnun Akureyrar.

Hann upplýsti, að persónulegir munir X væru í geymslu hjá Akureyrar-bæ á vegum Félagsmálastofnunar. Ekki kvaðst hann þekkja svo heilsufar og drykkjusögu X, að hann væri dómbær á batahorfur.

Fyrir dóminn kom sem vitni Guðrún Sigurðardóttir, deildarstjóri Félagsmálastofnunar Akureyrar, og staðfesti kröfuna um sjálfræðissviptingu og kvað hana gerða eftir bestu vitund og þekkingu. Taldi hún, að skammtíma-vist X kæmi ekki að gagni og að sex mánaða vist á viðeigandi stofnun myndi leiða til sama óviðunandi ástands í samskiptum X við fósturforeldra hans. Við munnlegan málflutning ítrekaði hún þetta sjónarmið sitt og hélt fast við kröfuna um sjálfræðissviptingu.

Verjandi X, Helgi Jóhannesson hdl., gerði þá kröfu, að sjálfræðissvipt-ingarkröfunni yrði hafnað og sér tildæmdur málskostnaður úr ríkissjóði. Taldi hann, að framferði X hefði komið til vegna þeirra drykkjufélaga, er að honum hefðu safnast, svo og væru nú fósturforeldrar hans komnir í öruggt hæli, svo að allar aðstæður væru breyttar. Hann kvað X tilbúinn að gangast undir tímabundna vistun á hæli fyrir drykkjusjúka, en jafnframt upplýsti hann, að X dveldist nú á deild 33 A á Landspítalanum, sem væri lokuð geðdeild.

Álit dómsins.

Það er álit dómsins með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, að telja verði sannað, að högum X sé þannig komið sökum ofdrykkju og of-nautnar áfengis, að hann sé ekki fær að ráða persónulegum högum sínum, og ber því með vísan til 3. gr., c-liðar 1. mgr. löggræðislaga nr. 68/1984 að taka kröfu Félagsmálastofnunar Akureyrar til greina og svipta hann sjálfræði.

Málsvarnarlaun verjanda X, Helga Jóhannessonar hdl., sem þykja hæfi-lega ákveðin 80.000,00 kr., skulu greidd úr ríkissjóði.

Úrskurð þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

X, áður óstaðsettur í húsi á Akureyri, [...], nú á deild 33 A á Landspítalanum, er sviptur sjálfræði.

Málskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Helga Jóhannessonar hdl., 80.000,00 krónur.